

Orkustofnun  
b.t. Stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

TPH/lS

9. febrúar 2011

**Varðar: Umsögn um drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland**

RARIK hefur yfirfarið drög að orkustefnu sem unnin hefur verið af stýrihópnum og fagnar þeirri vinnu og því að nú sé sett fram heildstæð orkustefna fyrir Ísland.

Heilt yfir telur RARIK drögin ágætlega fram sett, en vísar í og tekur undir umsögn sem Samorka hefur sent við þau til stýrihópsins. Helsti gallinn í þessum drögum að mati RARIK er að tekið er undir hugmyndir um að nýtingartími auðlinda sé mun styttri en t.d. orkufyrirtækin hafa lagt til og rökstutt á öðrum vettvangi. Til viðbótar við það sem fram kemur í umsögn Samorku bendir RARIK á kafla 9.1 þar sem fjallað er um virkjunarkosti og einingarkostnað við byggingu þeirra. Þar eru tilteknaðar nokkrar mismunandi tegundir virkjana og sett fram í töflu einingarverð við byggingu þeirra. Ekki er fjallað um mismunandi rekstrarkostnað einstakra tegunda virkjana þannig að samanburðurinn segir ekki nema hálfu söguna um hagkvæmni virkjanakostanna. Því væri til bóta að bæta við annarri töflu með rekstrarkostnaði á hverja kWst fyrir þessa mismunandi kosti. Þá mætti gjarnan bæta við byggingarkostnaði díesel virkjana sem þrátt fyrir allt eru í notkun hér á landi, ólíkt sumum tegundum virkjana sem taldar eru upp í töflunni. Þær eru væntanlega með lágsta einingarverð í byggingu, en langhæsta rekstrarkostnað allra virkjana.

Að öðru leyti telur RARIK þessi drög ágætt plagg fyrir nýja heildstæða orkustefnu fyrir Ísland.

Virðingarfyllt,

---

Tryggvi Þ. Haraldsson

RA-42423